

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 8. tbl. 11. árgangur 16. nóvember 2017

Fréttir úr Grímseyjarskóla.

Í vetur eru fjórir nemendur í skólanum, fámennt en góðmennt og allir í eldri deild. Það hefur þau áhrif að hægt er að haga kennslunni á nýjan hátt. Skipulagið sem unnið er eftir er þannig að bókfögin; enska, danska, stærðfræði og íslenska sameinast að miklu leyti í svokallaðar vinnustundir sem ná yfir meirihluta morgnanna, þó eru stýrðir tímar á mánudagsmorgnum og áætlunartími í vikulok svo nemendur og kennarar hafi yfirsýn yfir vikuna. Þá eru nemendur með áætlanir í þessum fögum og vinna þær eftir hentugleika, svo fremi sem þau skili unninni áætlun í vikulok. Þetta er heilmikið frelsi, þar sem nemendur eru ekki skikkaðir í ákveðið fag á ákveðnum tíma og kennir þeim þar að auki að taka ábyrgð á eigin námi.




Einn nemandi í 5. bekk bjó til málshátt af þessu tilefni: **"Leiðinlegt er betur unnið fyrst"**.

Seinnipart skóladagsins eru svo samfélagsgreinar og list- og verkgreinar, sem eru kenndar í lotum, auk íþróttar þrisvar í viku. Einnig má segja frá því að Grímseyjarskóli hefur tekið upp virka flokkun. eru komnar sérstakar ruslatunnur fyrir pappír, fernur og plast auk þess sem tilfallandi ál er tekið frá. Lífrænn úrgangur á það svo til að enda í goggi fiðurfénaðs eyjarinnar.





Í sumar var svo settur upp ærslabelgur í Grímsey og eru allir hæstánægðir með hann. Ærslabelgurinn er staðsettur sunnan við skólann og kemur sennilega til með að verða vinsælasta leiktæki barnanna, já og þeirra fullorðnu.

Í tilefni 50 ára afmælis Grímseyjarskóla í húsnæðinu Múla, sem haldið var upp á síðasta vor fékk skólinn gjöf frá fræðslusviði Akureyrarbæjar. Í pakknum var forláta nýr ípad sem kemur sér aldeilis vel og Osmo kennsluleikur í upplýsingatækni.



Myndir augnabliksins fylgja fréttinni frá Naustatjörn.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af fræðslusviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga - miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum Akureyrarbæjar, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Foreldrarölt um Giljaverfi.

Foreldrafélag Giljaskóla fór af stað með svokallað foreldrarölt í byrjun janúar 2017, vel hefur gengið að manna foreldraröltið og hefur farið fram úr björtustu vonum hvað foreldrar taka vel í að vera með. Foreldraröltið er að mati félagsins hverfinu til hagsbóta, hefur hefur forvarnagildi, eykur öryggi barnanna og stuðlar að auknum samskiptum milli foreldra.

Hægt er að lesa meira um þetta flotta verkefni á: <http://www.giljaskoli.is/foreldrar/foreldrarolt>



Baráttudagur gegn einelti / Dagur Jákvæðs aga á Naustatjörn.

Nokkrir leik- og grunnskólar sem vinna með uppeldisstefnuna Jákvæðan aga hafa sammælt um að Baráttudagur gegn einelti sem alltaf er haldinn 8. nóvember verði jafnframt Dagur Jákvæðs aga. Einnig hefur verið ákveðið að framvegis verði vinavika í sömu viku og 8. nóvember á Naustatjörn. Í örfáum orðum er Jákvæður agi kennsla í lífsleikni og félagsfærni.

Á degi Jákvæðs aga á Naustatjörn héldu allar deildir barnafundi þar sem rætt var um mikilvægi vináttu, samkenndar og að vera góð hvert við annað. Jafnframt voru börnin frædd um að þetta væri Dagur Jákvæðs aga. Þau gerðu vinnuhjörtu auk þess sem þau eldri voru spurð að því hvað er að vera vinur eða hvað gera vinir.

Vinastund var haldin þar sem börnin nudduðu hvert annað (hendur/fætur) með kókosolíu eða kremi. Vinalög voru sungin og á föstudeginum var vinnuhjörtu myndaður út í garði þar sem allir sungu saman vinalög.

Til gamans má geta þess að þrjár ungar stúlkur tóku þennan dag mjög alvarlega, þær gengu saman um garðinn úti og sögðust vera að leita að einhverjum sem ætti ekki vin, því þá ætluðu þær að taka það barn upp á sína arma. Jafnframt sögðust þær ætla að passa að enginn væri að stríða. Það virkar svo sannalega að ræða við börnin um vináttuna og mikilvægi þess að vera góð hvert við annað.



Sögur - handritasamkeppni fyrir börn.

Í vetur standa Menntamálastofnun, KrakkaRÚV og SÍUNG fyrir ævintýrlegu ferðalagi um sagnaheim 6-12 ára barna. Verkefnið kallast Sögur og markmið þess er að auka lestur og menningarlæsi barna, hvetja börn til sköpunar, styðja íslenska barnamenningu og hvetja til þess að fleiri sögur verði sagðar.

Verkefnið er unnið í samstarfi við fjölda aðila sem eru áhugasamir um að nýta töfra KrakkaRÚV til að byggja brú milli heimilis og skóla og auka þannig áhuga og þátttöku barna í fjölbreyttum læsisverkefnum. Samstarfsaðilarnir eru eftirfarandi; Barnamenningarhátíð, bókasöfnin í landinu, Miðja máls og læsis, Miðstöð skólaþróunar við HA og Reykjavík bókmenntaborg UNESCO. Einnig hafa Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið sýnt verkefninu áhuga.

Ferðalaginu lýkur með verðlaunahátíðinni *SÖGUR – verðlaunahátíð barnanna*, í beinni útsendingu á RÚV í lok apríl 2018. Á hátíðinni verða veitt verðlaun fyrir útgefið efni og frumsamið efni frá börnum í þremur flokkum. Þeir eru *bókmenntir*, *leikið efni* og *efni fyrir sjónvarp og tónlist*. KrakkaRÚV mun framleiða margskonar skemmtilegt og fræðandi efni sem tengist verkefninu. Fyrsta útfærsla verkefnisins hefur litið dagsins ljós. Stundin okkar stendur nú fyrir handritasamkeppni fyrir börn á aldrinum 6-12 ára. Nokkur vel valin handrit eftir börn verða síðan unnin í stuttmyndir sem sýndar verða í Stundinni okkar.

Þeir sem vilja sjá söguna sína lifna við í Stundinni okkar geta sent hana inn á [KrakkaRÚV](http://www.krakkaruv.is).

Sjá á: <https://mms.is/frettir/sogur-handritasamkeppni-fyrir-born>

Leiðrétt frétt úr síðasta tölublaði.

Sumarlokun 2020.

29. júní – 24. júlí. Iðavöllur – Pálmholt – Hólmasól – Tröllaborgir
6. júlí – 31. júlí. Lundarsel – Krógaból – Kiðagil
13. júlí – 10. ágúst. Naustatjörn - Hulduheimar